

**Nr. 23-010 S 007 Venus NS-150*****Skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 2882  
Útgerð: Brim hf.  
Smíðaður: Tyrklandi 2015, Stál  
Stærð: 3.671 BT  
Mesta lengd: 81,2 m Skráð lengd: 72,47 m  
Breidd: 17,00 m Dýpt: 9,60 m  
Vél: Wartsila, 4500 kw, árg. 2014  
Fjöldi skipverja: 15



**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 6. janúar 2023 var Venus NS 150 á uppsjávarveiðum á Færeyjamiðum. Veður gott en talsverður sjór.

Skipverjar voru að taka veiðarfærið um borð og voru að lása úr bakstroffum þegar grandari slóst í höfuð eins þeirra. Skipverjinn vankaðist og braut tönn.

***Við rannsókn kom eftirfarandi fram:***

- Hinn slasaði hélt áfram störfum út veiðiferðina.
- Áhöfnin kom saman eftir slysið og ákvað að breyta verklagsreglum.
- Venja var að þegar mikill veltingur var þá voru settir niður sérstakir staurar sem vörnuðu því að grandararnir gætu slegist til. Ákveðið var að þessir staurar skyldu alltaf notaðir ef einhver hreyfing væri á skipinu (sjá mynd 1).



Staurarnir eru rör sem hægt er að lyfta upp og setja niður þegar veður eru slæm til að koma í veg fyrir að grandarar séu á mikilli hreyfingu

Mynd 1

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar.

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2023 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.*